

AUGLÝSING

um framlengingu reglugerðar um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117
22. nóvember 1938.

Reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938, framlengist til þess að gilda áfram um næstu fimm ár frá og með 1. janúar 1944 að telja.

Ákvörðun þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Námssjóð Thors Jensen“, útgefin á 209
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. nóvember 1943. 22. nóv.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Thors Jensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Námssjóður Thors Jensen.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sem stofnað var 1891, og er sjóðurinn afhentur félaginu með gjafabréfi Thors Jensen, dags. 17. september 1943, og er að upphæð 50000 krónur.

Sjóðurinn tekur nú þegar til starfa.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilegt verzlunarfólk, menn eða konur, til náms í verzlunarfræðum hér á landi eða erlendis.

Félagar í Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur hafa forgangsrétt til styrks, en meðal félagsmanna skulu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem lokið hafa burtfararprófi úr Verzlunarskóla Íslands.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af fimm manna stjórnarnefnd. Gefandi sjóðsins, Thor Jensen, tilnefnir einn mann í hina fyrstu stjórn, og skal sá vera formaður hennar.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur kys þrjá menn og stjórn Verzlunaráðs Íslands einn, og skipta þeir með sér verkum með þeirri takmörkun, sem á undan getur, að gefandi sjóðsins tilnefnir formann stjórnarnefndarinnar.

Þessir fyrstu stjórnendur sjóðsins skulu allir í sameiningu velja fimm varamenn, og sé tiltekið hver er varamaður hvers hinna fyrstu stjórnenda.

209. 22. nóv. Þegar einhver hinna fyrstu stjórnenda fer úr stjórn sjóðsins, hvort sem það er vegna dauða eða af öðrum ástæðum, tekur varamaður hans sæti í stjórninni og verður þá aðalmaður, en varamann í hans stað skal þá þegar tilnefna eftir sömu reglum og hinir upprunalegu varamenn voru valdir.

Engan má tilnefna varamann nema samþykki hans liggi fyrir, um að hann vilji taka starfið að sér. Á þennan hátt skal jafnan farið þegar autt verður sæti aðalmanns eða varamanns í stjórninni, svo að hún sé jafnan skipuð 5 aðalmönnum og 5 varamönnum. Í forföllum aðalmanns um stundarsakir tekur varamaður þess eða þeirra, sem forföll hafa, sæti í stjórninni, enda sé ekki ágreiningur um að forföll hamli. Skipa má um varamenn, ef allir stjórnendur sjóðsins samþykkja.

Nú verður, vegna fráfalls stjórnenda, veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, eigi mögulegt að ná samþykki allra að því er snertir kjör aðalstjórnanda eða varastjórnenda svo sem gert er ráð fyrir hér að framan, og skulu þá hinir framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stjórn og varastjórn verði fullskipuð samkvæmt því, sem ætlast er til með framanrituðum reglum.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í skipulagsskrá þessari.

5. gr.

Gerðabók fyrir sjóðinn skal stjórn hans löggilda. Skal færa í gerðabókina allt um sjóðinn, sem máli þykir skipta, þar á meðal fundargerðir sjóðstjórnarinnar og sérstaklega allar ákvarðanir hennar um málefni sjóðsins. Enn fremur skal bóka í gerðabókina kjör varamanna, og allar breytingar, sem verða á stjórn sjóðsins. Varamenn skulu og rita í gerðabókina samþykki um kjör sitt.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með því að kaupa fyrir fé hans bankavaxtabréf veðdeildar Landsbanka Íslands, hliðstæð verðbréf tryggt með öruggu fasteignaveði eða verðbréf með ríkisábyrgð, og peningar sem kunna að liggja fyrir, skulu ávaxtaðir á tryggum stað, enda samþykki allir stjórnendur hvernig fénu skuli komið á vöxtu.

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og árlega skal leggja $\frac{1}{5}$ — einn fimmta — af vöxtum við höfuðstólinn. Að öðru leyti skal vöxtunum varið samkvæmt tilgangi sjóðsins. Sjóðstjórnin ræður þó að hve miklu leyti vöxtunum er varið í þessum tilgangi ár hvert eða hvort þeir verða lagðir við höfuðstól, frekar en gert er ráð fyrir að framan, eða geymdir til síðari ára til úthlutunar þá.

Nú hlotnast sjóðnum gjafir eða honum er aflað fjár á einn eða annan hátt, og skal þá leggja þær upphæðir við höfuðstól sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa árlega með hæfilegum fyrirvara eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum og úthluta síðan þeirri styrkuppþæð, sem hún vill úthluta hverju sinni, samkvæmt tilgangi sjóðsins og í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar. Stjórnin skal þó gæta þess að hver einstök styrkuppþæð sé ekki lægri en svo, að hún geti talizt til verulegrar styrktar fyrir þann, sem hana hlýtur. Sama námsmanni má veita styrk oftari en einu sinni, en þó ekki lengur en í 3 ár. Gera má styrkþega að skilyrði, að hann, að loknu framhaldsnámi í verzlunarfræðum, haldi fyrirlestra eða hafi æfingar með nemendum í Verzlunarskóla Íslands, í samráði við skólalastjóra þess skóla.

9. gr.

209

22. nóv.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hið fyrsta reikningsár sjóðsins telst frá stofnun hans til ársloka 1944. Sjóðstjórn ber að færa bók um eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld.

Stjórn sjóðsins semur við lok hvers reikningsárs reikning fyrir sjóðinn og skal hann síðan staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Reikningurinn skal innfærður í efnahagsbók sjóðsins og auglýstur í Lögbirtingablaðinu í síðasta lagi fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

10. gr.

Leita skal samþykkis Verzlunarráðs Íslands á skipulagsskrá þessari og að því fengnu skal leita staðfestingar ríkisstjóra. Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema allir stjórnarmenn sjóðsins samþykki, svo og stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verzlunarráð Íslands. Þó má aldrei breyta fyrir mælum um tilgang sjóðsins né reglum 4. gr. um skipan sjóðstjórnar.

Reykjavík, 31. okt. 1943

Í stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Hjörtur Hansson, St. G. Björnsson. Adolf Björnsson. B. E. Þorvaldsson.
form

Konráð Gíslason. Egill Guttormsson. Lárus Bl. Guðmundsson. Sveinn Helgason.

Verzlunarráð Íslands er samþykkt ofanritaðri skipulagsskrá.

Reykjavík, 31. okt. 1943.

F. h. Verzlunarráðs Íslands,
H. Benediktsson.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar kennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóv. 1943. 210 23. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Sigmundssonar kennara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Ungmennafélagi Íslands, með framlagi frá því, svo og héraðssamböndum, einstökum félögum og vinum Aðalsteins. Alls að upphæð 10000 — tíu þúsund — krónur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja til náms efnilega, en fátæka unglinga, er sýnt hafa þroska og hæfni til félagslegra starfa innan U. M. F. Í.